

Mál nr. 25/2019**M og
V v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna tannbrots af völdum vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.2.2019.

Málsatvik.

Hinn 7. nóvember 2017 var M að störfum sem stuðningsaðili í grunnskóla hjá sveitarfélaginu A. Mun hann þá hafa orðið fyrir því að sundbretti eða korki var kastað í andlit hans með þeim afleiðingum að tannbrú í efri gómi brotnaði auk þess sem tennur losnuðu þar. M leitaði til tannlæknis til að fá viðgert það sem úrskaiðis fór. Hann hefur svo leitað til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), A og V sem tryggingafélags A til að fá greiddan kostnað vegna tannviðgerðarinnar, en allir þessir aðilar hafi hafnað bótaskyldu. M kveður slysið falla undir skaðabótaskyldu vinnuveitanda þar sem hann hafi orðið fyrir slysinu í starfi og því falli slysið undir slysatryggingu launþega þar sem fyrir liggir afstaða SÍ um að tjónið verði ekki bætt skv. lögum um almannatryggingar eða sjúkratryggingar. V hefur hafnað bótaskyldu úr launþegatryggingunni.

Álit.

Málatilbúnaður M verður ekki skilinn öðruvísi en að hann geri einungis þá kröfu fyrir nefndinni að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr slysatryggingu launþega sem A hefur í gildi hjá V.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega hjá V greiðir félagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, ef það leiðir m.a. til tannbrots. Jafnframt segir í skilmálunum að vegna tannbrots greiði félagið viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Þó bæti félagið ekki tennur sem brotna í vinnuslysi, sbr. lög um almannatryggingar, eða tennur sem brotna þegar vátryggður matast. Þegar skilmálaákvæði þessi eru lesin saman verður að skilja gildissvið vátryggingarinnar á þann veg að félagið greiðir bætur vegna viðgerðar á á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys sem slysatryggingin tekur til að því marki sem slíkur kostnaður fæst ekki bættur hjá SÍ.

Valdi bótaskyldt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga skal skv. d. lið 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga greiða að fullu viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar.

Samkvæmt gögnum málsins hafa SÍ hafnað greiðslum samkvæmt tilteknum reikningi tannlæknis vegna „röntgenstórmyndar“, skoðunar nýs sjúklings og úrdráttar 8 tanna eða róta, samtals að fjárhæð 217.000 krónur, þar sem meðferð sú sem reikningurinn er fyrir sé óviðkomandi slysinu 7. nóvember 2017. Í ljósi þessa verður að telja ósannað að kostnaður vegna þeirra lækni meðferðar sem téður reikningur byggir á sé af völdum slyssins. Af þeim sökum fæst hann heldur ekki greiddur úr slysatryggingunni hjá V. Að öðru leyti er ekki ljóst af gögnum málsins hvort eða að hve miklu leyti SÍ hefur greitt eða mun greiða kostnað sem rekja má til þess að tennur M löskuðust í umræddu slysi. Af því leiðir að ekki verður heldur ráðið hvort einhver kostnaður vegna slyssins mun ekki fást greiddur af SÍ og gæti þá, eftir atvikum, fallið undir launþegatrygginguna hjá V. Er málið svo vanreifað að þessu leyti að ekki verður ráðið hvort M kunni að eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Samkvæmt e. lið 4. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá. Með vísan til þessara ákvæða í samþykktum

nefndarinnar verður samkvæmt framansögðu ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefnd.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.